

## Auglýsing um friðlýsingu Gjárinnar í Þjórsárdal

1. gr.

*Um friðlýsinguna*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að tillögu sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og að fengnu áleti Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að friðlýsa Gjárna í Þjórsárdal sem náttúruvætti í samræmi við 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Almenn lýsing

Stærð ..... er ..... hektarar.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993) og samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995).

2. gr.

*Markmið friðlýsingarinnar*

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda jarðminjar, vatnasvæði, fossa og landslag Gjárinnar í Þjórsárdal ásamt líffræðilegri fjölbreytni sem þar er með áherslu á að tryggja ásættanlega verndarstöðu lífríkis, vatnafars og jarðminja.

Markmið er einnig að tryggja almenningi aðgang að svæðinu til útivistar, gefa almenningi tækifæri á náttúruskoðunar og fræðslu um náttúru- og menningarminjar.

3. gr.

*Mörk náttúruvættisins*

Mörk hins friðlýsta svæðis eru - almenn lýsing í orðum –

Mörkin afmarkast af ISN-93 hnitapunktum og eru sýnd á meðfylgjandi hnitatöflu og uppdrætti í fylgiskjali.

Jaðarsvæði náttúruvættisins markast af Rammaskipulagi fyrir útivist og ferðapjónustu í Þjórsárdal, dagsett 30. apríl 2013.

Mörk menningarminja innan friðlýsta svæðisins og á jaðarsvæði eru í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e. 100 m friðhelgi út frá ystu sýnilegu mörkum friðlýstra fornminja og 15 m út frá friðuðum fornleifum.

4. gr.

*Umsjón með náttúruvættinu*

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur ... skv. 2. mgr. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Stofnunin getur falið öðrum umsjón með náttúruvættinu skv. 1. mgr. 85. gr. sömu laga og skal þá gerður sérstakur samningur um umsjón og rekstur sem ráðherra staðfestir. Til grundvallar samningi um umsjón og rekstur friðlandsins skal liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, menntun starfsmanna og gjaldtöku.

5. gr.

*Stjórnunar- og verndaráætlun*

## DRÖG - Vinnuskjal

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið í samvinnu við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 1. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra sbr. 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

### 6. gr.

#### *Umferð og umgengni um náttúruvættið*

Almenningi er heimil för um svæðið enda sé góðrar umgengni gætt. Til verndar viðkvæmum gróðri svæðisins ber gestum að fylgja göngustígum.

Óheimilt er að urða sorp og annan úrgang innan náttúruvættisins.

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega allt árið innan marka náttúruvættisins. Bann við akstri utan vega gildir þótt jörð sé frosin og snævi þakin.

Ferðir á hestum um náttúruvættið eru aðeins leyfðar á akvegum og merktum reiðleiðum. Heimilt er að nota hross við fjársmölun. Óheimilt er að fara með rekstur hesta um náttúruvættið

Umferð á reiðhjólum er óheimil innan náttúruvættisins nema á akvegum og viðurkenndum reiðhjólaleiðum.

Umferð loftfara (t.d. þyrluflug, dróna ) er óheimil án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar. Undanskilið er leitar- og björgunarflugi.

### 7. gr.

#### *Verndun jarðminja*

Til þess að tryggja vernd jarðminja, vatnasvæða og landslags er óheimilt að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir, gera breytingar á vatnsfarvegi og landslagi innan náttúruvættisins.

### 8. gr.

#### *Verndun gróðurs og dýralífs*

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi og gáleysi innan marka náttúruvættisins.

Viðhalda skal náttúrulegu gróðurfari og við uppgræðslu skal eingöngu nota innlendar tegundir og tryggt að ekki sé raskað líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu. Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan náttúruvættisins, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka þess, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

Uppræta skal eftir fremsta megni framandi tegundir, svo sem alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*), skógarkerfil (*Anthriscus sylvestris*) og spánarkerfil (*Myrrhis odorata*).

### 9. gr.

#### *Verndun menningarminja*

Um vernd menningarminja fer skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

### 10. gr.

#### *Landnotkun og mannvirkjagerð*

## DRÖG - Vinnuskjal

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi, innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/ 2013 og sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun, en svæðið skal skipulagt með það að leiðarljósi að verndargildi þess rýrni ekki og til almennrar útivistar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Umhverfisstofnun skulu hafa samráð um nauðsynlegar framkvæmdir og aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis en ætíð tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Lagning göngustíga, gerð áningarstaða og uppsetning fræðsluskilt skal vera í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun.

Verndarsvæðið er friðað fyrir beit í samræmi við .....

Vegna viðhalds flutningsmannvirkja raforku um náttúruvættið skal þess gætt að verndargildi svæðisins rýrni ekki.

### 11. gr.

#### *Notkun skotvopna*

Meðferð skotvopna er bönnuð innan náttúruvættisins að því undanskildu að Umhverfisstofnun, í samráði við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, er heimilt að veita leyfi til veiða á tegundum eins og mink sem flokkaðar eru sem ágengar framandi tegundir, **og ref** . Veiðarnar skulu ætíð vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og stjórnunar- og verndaráætlun .

### 12. gr.

#### *Refsiákvæði*

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

### 13. gr.

#### *Gildistaka*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags 2017*

***Athugasemdir við greinar sem þarf að huga að.***

**1.gr. hvað er verið að vernda, hvaða friðlýsingaflokkur á best við.**

**Náttúruvætti:** Friðlýsa má einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna og kallast þær náttúruvætti. Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

eða

## DRÖG - Vinnuskjal

### ***Landslagsverndarsvæði.***

Friðlýsa má landsvæði til verndar landslagi sem:

- a. þykir sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,
- b. talið er sérstætt eða fágætt á svæðis-, lands- eða heimsvísu eða
- c. skipar mikilvægan sess í vitund þjóðarinnar.

Friðlýsingin skal miða að því að varðveita sérkenni og einkenni landslagsins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess. Ef um er að ræða svæði þar sem hefðbundnar nytjar eru forsenda fyrir því að varðveita einkenni landslagsins skal friðlýsingin jafnframt miða að því að tryggja að þeim verði haldið við.

Halda má áfram starfsemi sem stunduð er á svæðinu en gæta skal ákvæða 1. másl. 2. mgr. við útfærslu og þróun hennar. Mannvirki sem heimilað er að reisa á svæðinu skal skipuleggja og hanna þannig að þau falli sem best að svipmóti lands. Ekki er heimilt að takmarka för gangandi manna um landslagsverndarsvæði umfram það sem leiðir af ákvæðum IV. kafla. Skv rammaskipulagi fyrir Þjórsárdal þá virðist mest áhersla á jarðminjar og landslag, en þar er m.a. að finna eftirfarandium sérstöðu:

Sérstaða: fossar, jarðhiti, gervigígar, ummyndað móberg, líparít. Gróður; hvönn, mosar og grös. Menningarminjar; bæjarrústir frá miðöldum og forn vörðuð þjóðleið. (menningarminjar lög 80/2012) NB! 100 m og 15 m friðhelgun.

Megineldstöð sem var virk fyrir tveimur milljónum ára.

Í Dímon lagskipt hraunlög sem hafa risið upp á endann, einnig kubbabergsklettur sem taldir eru hafa myndast við gos þegar hraun rann út í vatn.

Í Vegghamri eru jarðmyndanir áþekkar þeim sem eru í Dímon.

Í dalborninum eru keilugangar í litríku móbergi.

Keilugangar eru algengir nálægt megineldstöð.

Hlíðin frá Rauðukömbum inn að Háafossi er afar litskrúðug – stafar liturinn af ummynduðu móbergi sem jarðgufur hafa fellt út.

Reykholtshver er við suðurenda Rauðukamba.

Í Rauðukömbum er líparít.

Heklugosið 1104 lagði stórsvæði í Þjórsárdal í auðn.

Gosið 1104 talið næstmesta gos sinnar tegundar á sögulegum tíma á Íslandi.

Í Gjánni og á Kjóaflöt er gróðursælt.

Í Gjánni er mikið hvannstöð, einnig margar tegundir mosa og grasa.

Athuga með tilvitnun í Ríó og Ramsar – á það við hér.

### **2.gr. markmið friðlýsingarinnar – þarf að vera skýrt**

Í 3.gr. laga um náttúruvernd er fjallað um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.

*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.*

Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,
- b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,
- c. að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,
- d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,
- e. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

## DRÖG - Vinnuskjal

### **3.gr. mörk verndarsvæðisins**

Er ekki tillaga sveitarfélagsins að miða við hverfisverndaða svæðið – sem jafnframt er það sama og er í náttúruminjaskrá?

Mörk þarf að hnitsetja og sýna á korti.

Vegna friðlýstra menningarminja innan verndarsvæðisins og rammaskipulagsins er rétt að áréttu friðhelgunarmörk fyrir fornminjar.

### **4.gr. umsjón með svæðinu.**

Almenna reglan er að UST hafi umsjón – oft er gert ráð fyrir ráðgjafa / samráðsnefnd. Einnig er sá möguleiki að fela öðrum t.d. sveitarfélaginu umsjón með verndarsvæðinu og er þá gerður sérstakur samningur þar að lútandi.

### **6.gr. um umferð og umgengi**

Líklegarþarf ekki að vera heimild til smölunar þar sem svæðið er friðað fyrir beit.

Skoða þarf vel alla umferð um svæðið, þ.e. gangandi, ríðandi, hólandi o.s.frv. Drónar eru í auknu mæli að verða vandamál fyrir dýr og gesti.

Það þarf líklega að hafa til hliðsjónar öll kort er varða leiðir og eru í rammaskipulaginu fyrir Þjórsárdal.

Hvað með tjöldun

Hað með umferð með gæludýr

### **11.gr.**

Er ekki til einhver formleg samþykkt hjá sveitarfélaginu varðandi friðun fyrr beit?

Koma þarf í veg fyrir að fleiri raflínur verði ekki settar innan marka verndarsvæðisins

Spurn hvort að fram eigi að koma að nýjar raflínur/strengir skulu vera í samræmi við þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína nr. 11/144

### **12.gr.**

Skotveiðar – er einhver ath frá sveitarfélaginu.